

Nd.

477. Breytingartillaga

við 9. gr. bannlagafrumvarpsins, eins og það var samþykkt við 2. umr. í neðri deild.

Frá meiri hluta nefndarinnar.

Ný gr. orðist svo:

Veitingamenn og vinsölumenn, þeir er leyfi hafa til vinsölu hér á landi, samkvæmt lögum nr. 26, 11. nóv. 1899 um verzlun og veitingar áfengra drykkja, mega, eftir 1. jan. 1912, ekkert selja hér á landi af áfengisbirgðum þeim, er þeir þá hafa, gefa, veita eða láta af hendi til annara manna. Skulu lögreglustjórar hver í sínu umdæmi þá þegar skyldir til að rannsaka áfengisbirgðirnar, og innsigla þær. Áður en 12 mánuðir eru liðnir skulu eigendur áfengisins skyldir til að flytja birgðirnar eða láta flytja þær burt af landi, og skulu lögreglustjórar hafa nákvæmt eftirlit með að það sé gert. En alt það áfengi, sem þá er ekki útflutt, skal tafarlaust gera upptækt.

Frá þeim degi er lög þessi verða staðfest, má ekkert leyfi til vinsölu né vinveitinga veita hér á landi, né endurnýja eldri leyfi.